**Ed.** **195. Breytingartillaga** [106. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 82 29. des. 1967, um Bjargráðasjóðs Íslands.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

2. gr. orðist svo:

Á eftir síðari málsgrein 15. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Skuldabréf fyrir slíkum lánum, sem sjóðurinn tekur til að endurlána vaxtalaust, skulu undanþegin stimpilgjöldum og ríkisábyrgðargjöldum. Einnig skulu skuldabréf fyrir slíkum lánum, sem sveitarfélög taka hjá sjóðnum, undanþegin stimpilgjöldum, svo og skuldabréf vegna endurlána til einstakra bænda.

Nú hrekkur fé einstakra deilda skv. 2. gr. eigi til að veita þá aðstoð, sem nauðsyn krefur samkvæmt lögunum, og er þá sjóðsstjórninni heimilt að lána fé frá einni deild til annarrar án vaxta.